



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163

## Annar fundur félags- og menningamálanefndar 17. janúar 2011

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Drög að erindisbréfi.
3. Jafnréttisáætlun.
4. Gjaldskrá ÍMS.
5. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning

Fundurinn settur í íþróttamiðstöð Mývatnssveitar kl 17:00

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Einar Jónsson, Jón Elvar Steindórsson og Bergþóra Kristjánsdóttir.

Dagbjört les yfir fundargerð síðasta fundar.

Dagbjört gerir tillögu um að Bergþóra verði ritari nefndarinnar. Það samþykkt samhljóða.

Bergþóra kemur fram með þá tillögu að öllum bæði aðal og varamönnum verði send fundargerð fundanna. Það samþykkt.

### 2. Drög að erindisbréfi

Ákveðið að senda þau drög sem við gerðum á síðasta fundi til sveitastjórnar til umfjöllunar.

### 3. Jafnréttisáætlun

Fjallað um jafnréttisáætlunir þar á meðal lög nr. 10/2008

Fjallað um hversu víðtæk jafnréttisáætlunin á að vera. Ákveðið að til að byrja með að fjalla einungis um þá þætti sem eru lögbundnir.

Komum okkur saman um að jafnréttisáætlun Flóahrepps væri áætlun sem sé góð að nota til viðmiðunar við gerð okkar eigin áætlunar. Anna Dóra tekur að sér að gera uppkast að áætluninni.

Einnig fjallað um leiðir til að meta árangur jafnréttisáætlunar og ánægju starfsmanna hreppsins. Ákveðið var að skoða jafnréttisáætlun Stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar 2006-2008. til viðmiðunar við árangursmatið.

Rætt um mikilvægi þess að hafa regluleg starfsmannaviðtöl til að nýta þær upplýsingar sem þær veita til að bæta starf og starfsánægju starfsmanna hreppsins.

#### 4. Gjaldskrá ÍMS.

Gjaldskráin skoðuð. Samþykkt að leggja til töluverða hækkun skrárinnar. Ákveðið að hafa samráð við Jóhannes Steingrímson áður en tillagan verður send sveitarstjórn. Nefndarmenn sammála um að hækka stök gjöld hlutfallslega meira en kort.

#### 5. Önnur mál

Skoðum ípróttamiðstöðina Jóhannes Steingrímsson fer með okkur.

Rætt um möguleika á betri nýtingu ípróttamiðstöðvarinnar.

Ákveðið að tala við umsjónarmenn ípróttamiðstöðva á Dalvík og Akureyri til að athuga hvort þeir viti um aðila sem eru færir í því að meta nýtingarmöguleika ípróttamiðstöðva. Dagbjört tekur að sér að hringja í þá og Brynju sjúkráþjálfara sem hefur verið að nýta þá aðstöðu sem er fyrir hendi í Ípróttamiðstöðinni.

Einnig var ákveðið að tala við starfsmenn hreppsins í Ípróttamiðstöðinni varðandi nýtingu ípróttamiðstöðvarinnar.

Nefndarmönnum finnst kominn tími á viðhald og lagfæringar á húsinu og æskilegt væri að gera faglega úttekt á ástandi og viðhaldspörf miðstöðvarinnar.

**Fundi slitið kl 19:20**